

Mál nr. 290/2018**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar launþega.****Líkamsmeiðsli við vinnu 2.9.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 18.9.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 4.10.2018, ásamt tölvupóstsamskiptum starfsmanns V við lækni á vegum V á tímabilinu 31. ágúst – 21. september 2018.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 2.9.2016 kemur fram að M hafi verið að slá út öryggi í töflu fyrir ofan bílstjórásæti bifreiðarinnar ZK L99 og þegar hann steig niður af palli sem bílstjórásætið er á hafi hann snúið upp á hnéd á sér. Sambærileg lýsing er í tilkynningu til Sjúkratrygginga sem undirrituð er bæði af M og vinnuveitanda hans.

M telur að meiðsli hans falli undir gildissvið slysatryggingar launþega og falli undir slyshugtak váttryggingaréttar og vísar til þess að hann hafi misst jafnvægið á brún palls sem hafi valdið því að hann hafi lent illa með þeim afleiðingum að hann hafi slasast. M vísar til dómaframkvæmdar Hæstaréttar, nánar tiltekið í málum nr. 47/2006, 412/2011 og 560/2017 máli sínu til stuðnings.

V telur að meiðsli M verði ekki rakin til utanaðkomandi atburðar í skilningi 2. gr. skilmála slysatryggingar launþega þar sem komi fram að með orðiðnu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs. V vísar til þess að hvorki lýsing M sjálfs né læknisfræðileg gögn bendi til þess að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða, auk þess sé ekki ljóst m.v. læknisfræðilegt mat V að sú færniskerðing sem M býr við sé hægt að rekja til atviksins í bifreiðinni. Einnig telur V að tilvitnaðir dómur eigi ekki við um atvik máls M.

Álit.

Í lýsingu M sjálfs af atvikum sem hann telur hafa leitt til líkamstjóns kemur fram hann hafi verið að stíga af palli og við það snúið upp á hné eða fót. Ekki verður séð af gögnum málsins að umræddur pallur hafi verið hár eða að M hafi lent á einhverri misfelli þegar hann steig niður. Verður því ekki fallist á að þau meiðsli á líkama sem hann lýsir í málskoti hafi komið til vegna utanaðkomandi atburðar í skilningi 2. gr. váttryggingarskilmála slysatryggingar launþega. Umrætt atvik á því ekki undir gildissvið hennar og á M ekki rétt á bótum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Reykjavík, 30. október 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.